

15. ágúst 2025

Ágæti nemandi!

Nú líður senn að upphafi skólaársins. Skólastarfið hefst með **skólasetningu mánudaginn 25. ágúst kl. 8:30 í íþróttasalnum** og þangað eiga allir nemendur skólans að mæta. Strax í kjölfarið hefst kennsla samkvæmt stundaskrá.

Stundatöflur verða aðgengilegar í Innu fyrir upphaf kennslu og fá nemendur og forsjárfólk póst þegar þær eru tilbúnar. Í kjölfarið getur þú sótt um töflubreytingu í Innu (nánari upplýsingar um framkvæmd töflubreytinga verða sendar út þegar nær dregur).

Námsgagnalista má finna á [heimasíðu skólans](#). Nemendur eiga að útvega öll námsgögn um leið og stundatöflur eru tilbúnar og mæta með þau í skólann þegar kennsla hefst. Nemendur þurfa einnig að hafa aðgang að **fartölvu í skólanum og koma með eigin ritföng og reiknivélar**.

Við minnum á heimasíðu skólans, www.msund.is. Þar eru ýmsar gagnlegar upplýsingar: [Skóladagatal](#), [skólareglur](#), [lýsing á einstökum áföngum](#) og upplýsingar um [uppbyggingu námsbrauta](#).

Menntaskólinn við Sund hefur einsett sér að vinna samkvæmt **grunngildunum ábyrgð, virðingu, jafnrétti og heiðarleika**. Því hvetjum við þig til að axla ábyrgð á námi þínu og sýna starfsfólki skólans og samnemendum þínum virðingu. Við vonumst til að þú leggir hönd á plóg til að efla jafnrétti í skólanum, hafir heiðarleika að leiðarljósi í samskiptum og sýnir sjálfstæði í vinnubrögðum. Að lokum minnum við á [siðareglur um notkun snjalltækja](#) í skólanum og [reglur um heiðarleika í námi](#) og biðjum þig um að virða þær.

Við hlökkum til að hitta þig og gangi þér vel í náminu í vetur!

Bestu kveðjur,
starfsfólk Menntaskólans við Sund